



Frá skrifstofu forseta Íslands

SVAR VIÐ FYRIRSPURNUM FRÁ FJÖLMIDLUM

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson hefur í um áratug rætt mannréttindi og stöðu mótmælenda við kínverska leiðtoga við fjölmörg tækifæri, allt frá því að Li Peng, þáverandi forseti kínverska þingsins, kom til Íslands árið 2000 í boði Alþingis. Þá afhenti forseti Íslands Li Peng á löngum fundi á Bessastöðum Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna sem nýlega hafði verið gefin út á kínversku af mannréttinda-stofnuninni í Svíþjóð sem kennd er við Raoul Wallenberg.

Forseti Íslands hefur öll þessi ár hvatt kínverska ráðamenn til að þróa samfélagið í samræmi við alþjóðlega samninga og reglur um mannréttindi og nefnt framlag íslenskra sérfræðinga, fræðimanna og háskólasamfélags í þessu skyni.

Ummæli norsku Nóbelsnefndarinnar þegar hún tilkynnti að verðlaunin væru veitt Liu Xiaobo voru í anda þessara hugsjóna, áminning um mátt einstaklings og hugrekki í baráttu fyrir tjáningarfrelsi.

Forseti Íslands ítrekar fyrri hvatningar sínar til kínverskra ráðamanna og beinir því til alþjóðasamfélagsins að það sameinist í baráttunni fyrir mannréttindum svo að málfrelsi verði hvarvetna virt og engir, hvorki Liu Xiaobo né aðrir, séu hneptir í fangelsi vegna skoðana sinna. Í því sambandi má minna á að forsætisráðherra Kína, Wen Jiabao, hefur ítrekað lýst því yfir að brýnt sé að pólitískar umbætur eigi sér stað í Kína, m.a. með eftirfarandi orðum sem nýlega féllu: „Óskir fólksins um lýðræði og frelsi, og þörfin fyrir það, eru ómótstæðilegar.“

11. október 2010